



Fréttatilkynning

05 May 2022 12:07:00 GMT

Arion banki: Blikastaðaland ehf. og Mosfellsbær undirrita samstarfssamning um uppbyggingu á Blikastaðalandi

Blikastaðaland ehf., félag í endanlegri eigu Arion banka hf. og í stýringu Stefnis hf., hefur í dag skrifað undir samstarfssamning við Mosfellsbæ um uppbyggingu á landi Blikastaða í Mosfellsbæ. Samningurinn er mikilvæg varða í langri vegferð skipulagningar og uppbyggingar á þessu svæði og kveður á um að Blikastaðaland ehf. taki þátt í kostnaði við innviðaupbyggingu með beinum fjárframlögum og afhendingu eigna.

Land Blikastaðalands er stærsta óbyggða svæði höfuðborgarsvæðisins. Alls er skipulagssvæðið u.þ.b. 90 hektarar, en gert er ráð fyrir að nýtanlegt land til uppbyggingar nýs íbúðasvæðis sé um 80 hektarar. Svæðið er á sveitarfélagamörkum við Reykjavík og afmarkast af Hlíðargolfvelli í norðri, Korpúlfsstaðavegi og Vesturlandsvegi í suðri, núverandi byggð í Mosfellsbæ í austri og Úlfarsá í vestri.

Helstu atriði samningsins eru meðal annars eftirfarandi.

- Fjöldi nýrra íbúðaeigna á svæðinu verði 3.500-3.700, blanda fjölbýla og sérbýla, auk 150 íbúða fyrir 55 ára og eldri. Gert er ráð fyrir að u.þ.b. 20% fjöldans verði sérbýli. Atvinnuhúsnæði verði um 66.000 fermetrar, en kann að minnka til móts við þær íbúðir sem ætlaðar verða íbúum 55 ára og eldri. Þá er gert ráð fyrir að á svæðinu rísi skólar og íþróttastaða.
- Blikastaðaland ehf. greiðir Mosfellsbæ um 6 ma.kr. byggingarréttargjald sem deilist hlutfallslega niður á heildarfjölda íbúðareininga á svæðinu við útgáfu byggingarleyfis í hverjum áfanga fyrir sig. Félagið mun einnig leggja bænum til um 1 ma.kr. vegna þátttöku í uppbyggingu íþróttamannvirkis á svæðinu sem deilist niður á framkvæmdatíma þess mannvirkis.
- Blikastaðaland ehf. mun afhenda Mosfellsbæ til eignar 40 einbýlishúsalóðir samkvæmt fyrirkomulagi sem nánar er kveðið á um í samningnum. Félagið mun ennfremur afhenda 80% af söluverði tiltekinnna lóða fyrir atvinnuhúsnæði og 60% af söluverði lóða fyrir íbúðir fyrir 55 ára og eldri til Mosfellsbæjar. Að öðru leyti mun allur byggingaréttur ásamt tilheyrandi lóðaréttindum tilheyra Blikastaðalandi ehf.
- Blikastaðaland ehf. mun annast standsetningu, eins og mögulegt er á gömlu húsunum á Blikastöðum 1 til hagsbóta fyrir íbúa svæðisins og Mosfellsbæjar.
- Mosfellsbær mun eignast allt landið endurgjaldslaust til eignar eftir því sem þróun svæðisins miðar áfram, þ.m.t. grunneignarétt allra lóða.



- f. Blikastaðaland ehf. mun annast framkvæmdir við gatnagerð, opin svæði, leikvelli, götulýsingar, holræsi og vatnslagnir í samstarfi við Mosfellsbæ. Félagið hefur heimild til að falla einhliða frá þeirri skuldbindingu og mun þá greiða gatnagerðargjöld til Mosfellsbæjar eftir skilmálum sem nánar er kveðið á um í samningnum.

Bókfært virði Blikastaðalands í efnahagsreikningi Arion banka var 5,1 ma.kr. þann 31.3.2022 og stendur það óbreytt þar til frekari vissa um framgang skipulags og tímalínu framkvæmda liggur fyrir. Vonir standa til að aðalskipulag klárast árið 2022 og deiliskipulag fyrsta áfanga uppbyggingarinnar innan tveggja ára.

Mikil þörf er fyrir íbúðahúsnæði um þessar mundir og því ákjósanlegt að nýta þetta fallega landsvæði eins fljótt og kostur er. Í allri hönnun verður tekið mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og leitast verður við að skapa vandað, umhverfisvænt og mannvænt bæjarumhverfi. Verkefnið fellur afar vel að markmiðum Arion banka og Stefnis um ábyrgar fjárfestingar sem hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760 eða Haraldar Guðna Eiðssonar, forstöðumanns samskiptasviðs, haraldur.eidsson@arionbanki.is, s. 856 7108.

Viðhengi

[Arion banki: Blikastaðaland ehf. og Mosfellsbær undirrita samstarfssamning um uppbyggingu á Blikastaðalandi](#)